

EFTIRLITSSKÝRSLA

N-Lax ehf. Auðbrekka 9 Húsavík



Dags eftirlits	6.11.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	María Svavarsdóttir
Fyrirtæki	N-Lax ehf.	Eftirlitsmaður	María Svavarsdóttir
Heimili	Auðbrekka 9	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	551009-1220	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jón H. Björnsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirliti: 1) Rekstraraðili skal senda Umhverfis- og orkustofnun niðurstöður skráninga og mælinga, sbr. gr. 4.1 og 4.3, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Niðurstöðum sýnatöku úr frárennsli vegna losunar hefur ekki verið skilað. 2) Mæla skal magn heildarfosfórs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við útrás frárennslis frá stöðinni við hámarksfóðrun (hámarksvöxt). Mælingum hefur ekki verið skilað. 3) Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Fullnægjandi ársyfirliti hefur ekki verið skilað.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða landeldisstöð á Húsavík þar sem alinn er laxfiskur. Nýtt starfsleyfi var gefið út 30. maí 2024 og gildir til 30. maí 2040. Hér er um að ræða fyrsta eftirlit með nýju starfsleyfi.

Boðað umfang eftirlitsins:

- Staðan frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Starfsleyfið og skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð
- Önnur mál

Síðasta eftirlit fór fram 2023 og varðaði fyrra starfsleyfi sem gildi til 2024. Ekkert frávík kom fram árið 2023 en þrjár ábendingar voru settar fram og brugðist hefur verið við þeim.

Farið var yfir áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því. Gögnum sem skila ber skv. starfsleyfi var ekki skilað á tilskildum tíma, ársyfirliti var skilað þann 5. og 24. nóvember 2025 og það rætt að skila beri fyrir 1. maí ár hvert.

Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí fer stofnunin yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olúskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

Frávík frá

Lýsing á frávíki

Gr. 4.3 í starfsleyfi.

Niðurstöðum sýnatöku úr frárennsli vegna losunar hefur ekki verið skilað.

Gr. 4.3 í starfsleyfi.

Mælingum á frárennsli þar sem mæla skal magn heildar fosfórs (P-total) og heildar köfnunarefnis (N-total) við hámarksfóðrun hefur ekki verið skilað.

Gr. 4.4 í starfsleyfi.

Fullnægjandi ársyfirliti hefur ekki verið skilað.

ÁBENDINGAR

Engin ábending var sett fram.

ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Reykjavík, 22.12.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

María Svavarsdóttir